



Lúxemborg, 10. mars 2020

FRÉTTATILKYNNING 02/2020

Dómur í máli E-3/19 *Gable Insurance AG in Konkurs*

RÁDGEFANDI ÁLIT UM SOLVENCY II TILSKIPUNINA (SLITAMEÐFERÐ VÁTRYGGINGAFÉLAGA)

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn spurningum frá landsdómstóli Liechtenstein (*Fürstliches Landgericht*) um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) („tilskipunin“).

Gable Insurance var váttryggingafélag stofnsett í Liechtenstein. Þann 17 nóvember 2016 hófst slitameðferð félagsins. Nýjar váttryggingakröfur bárust eftir að slitameðferð hófst en allir útistandandi váttryggingasamningar félagsins féllu úr gildi fjórum vikum eftir upphaf slitameðferðar. Hluti þessara krafna byggðu á tjónsatburðum sem áttu sér stað fyrir upphaf slitameðferðar og er ekki vitað um umfang tjónanna að svo stöddu.

Með spurningum sínum leitaði landsdómstóllinn eftir túlkun á greinum 268, 274, 275 og 282, þ. á m. á hugtakinu *váttryggingakrafa* og um meðferð slíkra krafna í slitameðferð.

Að mati EFTA dómstólsins þarf tjónsatburður að eiga sér stað áður en váttryggingasamningur fellur úr gildi til að um sé að ræða váttryggingakröfu í skilningi g-liðar 1. mgr. 268. gr. tilskipunarinnar. Hugtakið váttryggingakrafa einskorðast ekki við kröfu sem er lýst, hún sannprófuð eða skráð, ef ekki er unnt að ákvarða umfang tjóns fyrir upphaf slitameðferðar. Í samræmi við g-lið 2. mgr. 247. gr. tilskipunarinnar skal í landslögum kveða á um reglur sem gilda um lýsingu, sannprófun og skráningu krafna, þar á meðal viðeigandi tímamörk og ákvörðun fjárhæða þegar ekki er vitað um suma þætti skuldar. Í samræmi við aðra undirmálgrein g-liðar 1. mgr. 268. gr. tilskipunarinnar teljast iðgjöld, sem váttryggingafélag skuldar og eru til komin eftir að slitameðferð hefst, ekki til váttryggingakrafna.

Að mati EFTA dómstólsins kveður d-liður 1. mgr. 268. gr. tilskipunarinnar ekki á um að ljúka skuli slitameðferð með nauðsamningum. Staflíðurinn stendur því heldur ekki í vegi að ljúka slitameðferð með þeim hætti.

Þá var það niðurstaða EFTA dómstólsins að a-liður 1. mgr. 275. gr. fyrirbyggi ekki að reglur landsréttar um lýsingu, sannprófun og skráningu kveði á um mismunandi flokkun og rétt hæð váttryggingakrafna, að því gefnu að váttryggingakröfur njóti forgangs og tryggi jafnræði lánardrottna.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.